AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Sætún I – USK23120004.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi Sætúns I á Kjalarnesi. Í breytingunni sem lögð er til felst að hámarkshæð bygginga verði 12 m frá gólfkóta 1. hæðar, nýtingarhlutfall verði aukið og tveimur innkeyrslum á lóð bætt við, auk þess verði heimilt að bæta við allt að þremur byggingum til viðbótar innan byggingarreits auk geymslukjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kringlan – Listabraut 3 – USK23110065.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 10. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Kringlunnar vegna lóðarinnar nr. 3 við Listabraut. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að setja upp stafræn þjónustuskilti á útveggjum húss þar sem nú eru dúkaskilti. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hátún 10-14 – Hátún 10, 10A og 10B – USK24050102.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 24. október 2024, breytingu á deiliskipulagi Hátúns 10-14 vegna lóðarinnar nr. 10 við Hátún. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir eru tveir byggingarreitir fyrir djúpgáma framan við lágbyggingu - tengibyggingu á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vatnagarðar – Sægarðar 15 – USK24080188.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. nóvember 2024, breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóðarinnar nr. 15 við Sægarða. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kvosin – Tryggvagata 15/Grófarhús – USK24070146.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 28. nóvember 2024, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, vegna lóðarinnar nr. 15 við Tryggvagötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að gera innri og ytri breytingar á Grófarhúsi samkvæmt vinningstillögu hönnunarsamkeppni sem haldin var árið 2022. Helstu breytingar eru breytt útlit á veggflötum hússins sem verður meira í anda upprunalegs útlits, niðurrif hæða innanhúss þar sem opnað verður milli hæða, breytt þakform með tveimur glerjuðum þakhæðum í stað núverandi þakhæðar og hækkun á hæðarkóta þaks sem nemur um hálfum metra, með frávikum vegna frágangs á þakplötu og tæknirýmum. Gert er ráð fyrir framtíðartengingu við starfsemi Listasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu 17 með að hámarki tveimur göngubrúm. Gert er ráð fyrir fjölgun aðkomuleiða og innganga að húsinu. Staðsetning núverandi aðalinngangs helst óbreyttur. Heimilt verður að bæta við inngöngum á Tryggvatorgi og við Geirsgötu. Hjólastæði eiga að vera nálægt inngöngum bókasafnsins. Útfærsla hjólastæða skal vera í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða. Koma skal fyrir 1 hjólastæði pr. 100 fermetra brúttóflatarmál. Helmingur hjólastæða skal vera yfirbyggður og 20% hjólastæða skal vera í læstu rými. Við staðsetningu og hönnun hjólastæða norðan við Grófarhús skal sérstaklega gæta að gegnumflæði og aðkomu ökutækja að Tryggvagötu nr. 11 og

13. Við deiliskipulagsgerð borgarlands næst Grófarhúsi mun hjólastæðum fjölga í 2 hjólastæði pr. 100 fermetra brúttóflatarmál. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Köllunarklettsvegur 6 – USK24100336.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 16. janúar 2025, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 6 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst hækkun á hámarkshæð byggingarinnar um 5 m. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. janúar 2025.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. janúar 2025